

Grenilundur Grenivík

Ágæti aðstandandi

Heimsóknir verða leyfðar inn á Grenilundi frá og með 4. maí næstkomandi með ákveðnum takmörkunum. Þó mikið hafi áunnist í baráttunni gegn COVID-19 erum við ekki komin í höfn og sýna þarf ítrustu varkárni og virða sóttvarnaráðstafanir í heimsóknum. Einnig er nauðsynlegt að takmarka þann fjölda sem kemur inn í heimilið á hverjum tíma. Þess vegna biðjum við ykkur að reyna velja einn aðstandanda sem kemur inn fyrstu tvær vikurnar. Vonir eru bundnar við að heimsóknir verði rýmkaðar enn frekar í júní 2020.

Vinsamlega kynnið ykkur vel eftirfarandi heimsóknarreglur:

1. Ekki panta heimsóknartíma og alls ekki koma í heimsókn ef:
 - a. Þú ert í sóttkví
 - b. Þú ert í einangrun eða að bíða eftir niðurstöðu úr sýnatöku
 - c. Þú hefur verið í einangrun og ekki eru liðnir 14 dagar frá útskrift.
 - d. Þú ert með einkenni (kvef, hósta, hita, höfuðverk, beinverki, þreytu, kviðverki, niðurgang o.fl.).
2. Heimsóknartími er eftir samkomulagi við undirritaða
3. Hafið samband (*við Fjólu í síma 863-8414: grenilundur@grenivik.is*) og pantið heimsóknartíma. Heimild til heimsókna, einu sinni í viku er veitt frá 4. maí. Ef vel gengur í baráttunni við veiruna, verður tíðni heimsókna aukin.
4. Við hvetjum ykkur til að hlaða niður í símana ykkar smitrakningnarappi almannavarna Rakning C-19 fyrir 4. maí
5. Hinkrið eftir starfsmanni á tilgreindum inngöngustað hann fylgir ykkur til íbúa. Munið að þvo og/eða spritta hendur áður en heimsókn hefst og að henni lokinni. Ekki koma við neitt í almannarýmum, farið beint inn til íbúa og beint út aftur.
6. Athugið að heimsóknin er til ættingja þíns, staldrið ekki við til að ræða við aðra íbúa, ættingja eða starfsfólk.
7. Virðið 2ja metra regluna og forðist snertingu við íbúa eins og hægt er.

Hægt er að hafa samband við Fjólu s 863-8414 helst á milli 8 og 16 til að panta heimsókn eða fá nánari upplýsingar, einnig er hægt að senda tölvupóst í grenilundur@grenivik.is

Með ósk um gleðilegt sumar
Starfsfólk Grenilundar

ATHUGIÐ: Ef smit vegna COVID-19 aukast aftur, eða smit vegna annarra smitsjúkdóma, munu tilslakanir á heimsóknarbanni ganga til baka og reglur verða hertar á ný.